



Lúxemborg, 18. apríl 2024

## FRÉTTATILKYNNING 04/2024

Dómur í máli E-3/23 A gegn *Arbeids- og velferdsdirektoratet*

### LÁGMARKSBÆTUR SAMKVÆMT 58. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 883/2004.

Með dómi sem var kveðinn upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningu frá Almannatryggingadómstól Noregs (*Trygderetten*) varðandi túlkun 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa („reglugerðin“).

Málið varðar A, norskan ríkisborgara, sem bjó á Írlandi frá maí 2006 til febrúar 2014, en þá flutti hann aftur til Noregs. Í maí 2018, sótti A um örorkubætur. Þar sem A hafði bæði verið tryggður á Írlandi og Noregi, reiknuðu norsk stjórnvöld (*NAV Arbeid og ytelse*) bætur hans á *pro rata* grundvelli með því að leggja saman norsku og írsku tryggingartímabilin. A hélt því fram að hann ætti rétt á viðbótargreiðslu samkvæmt 58. gr. reglugerðarinnar, þar sem *pro rata* bætur hans voru lægri en lágmarksbætur sem tilgreindar eru í norskum almannatryggingalögum.

Með beiðni sinni um ráðgefandi álit bað landsdómstóllinn um leiðbeiningar við túlkun 58. gr. reglugerðarinnar og hvort þær bætur sem eru að finna í norskum almannatryggingalögum feli í sér lágmarksbætur skv. 58. gr. reglugerðarinnar. Þá spurði landsdómstóllinn sérstaklega um mikilvægi þess að bætur í Noregi séu veittar í tilteknum fjárhæðum sem skerðast hlutfallslega sé tryggingartímabil styttra en 40 ár.

EFTA-dómstóllinn taldi að orðalag 1. mgr. 58. gr. vísi beinlínis til þess að bótaþegi skuli ekki fá lægri bætur í búsetuaðildarríkinu en þær lágmarksbætur sem eru settar fram í þeirri löggjöf sem kveða á um rétt hans til bótagreiðslna og miðast við tryggingar- eða búsetutímabil sem er jafnlangt öllum þeim tímabilum sem tekið er tillit til vegna greiðslu skv. 52. gr. Útfærir 58. gr. því sérstaklega meginregluna um söfnun tímabila varðandi lágmarksbætur. Tilgangurinn með þessu viðmiðunartímabili er í meginatriðum sá að takast á við aðstæður þar sem fjárhæð lágmarksbóta samkvæmt landslögum er mismunandi eftir lengd tryggingar- eða búsetutímabils. Taldi því EFTA-dómstóllinn að um lágmarksbætur í skilningi 58. gr. væri að ræða þegar löggjöf EES-ríkis felur í sér sérstaka tryggingu sem hefur það að markmiði að tryggja bótaþegum lágmarkstekjur sem fara umfram bótafjárhæð sem þeir geta krafist eingöngu á grundvelli tryggingartímabils síns og greiddra iðgjalda. Að því marki sem landslög kveða á um slíkar bætur, hefur það enga þýðingu að bætur séu hlutfallslega skertar miðað við lengd tryggingartímabils. Önnur túlkun myndi hafa þau áhrif að ekki yrði tekið tillit til tímabila sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf annarra EES-ríkja við mat á því hvort einstaklingar eigi rétt á lágmarksbótum og myndi þannig skerða rétt fólks til frjálsrar farar og setja það í verri stöðu í heimaríki sínu fyrir það eitt að hafa nýtt sér þann rétt.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.